

Höfundur: Ólafur Einarsson

Bakkasvala og víxlnefur nýjar tegundir í Garðfuglakönnun

Á Íslandi njótum við flest þeirra lífs-gæða að hafa garð við heimilið og hann er sá staður sem er aðgengi-legastur fyrir fuglaskoðun með lítilli fyrirhöfn. Fóðrun fugla við heimilið dregur fleiri fugla í garðinn og gerir garðfuglaskoðunina enn áhugaverðari. Þá verður auðveldara að fylgjast með fuglunum og atferli þeirra í ná-vígi. Það er áhugavert og skemmti-legt tómstundagaman að fylgjast með fuglum við heimili sitt frá degi til dags. Þátttaka í Garðfuglakönnun gefur fuglaskoðuninni enn meira gildi þar sem þátttakandi skráir tegundir og tölu fugla yfir allan veturinn og fær þannig nákvæmt yfirlit um fugla-líf garðsins.

Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturna 2018–19 og 2019–20

Báða þessa vetur voru skráðar 43 fugla-tegundir. Er það í hærri kantinum þar sem meðaltal könnunarinnar frá upp-hafi er tæplega 38, en fjöldi skráðra tegunda hefur verið á uppleið eftir lægð upp úr aldamótum.

Fyrri veturinn var tíðarfar fremur milt og lítið um illviðri, hlýtt var í desember og þar til um miðjan janúar. Meðalhiti vetrarins í Reykjavík var 1,3°C, sem er 1,3°C hærra en meðaltal árána 1961–1990. Alhvítir dagar í desember–mars voru 39, sem er 14 færri en meðaltal fyrir tímabilið 1971–2000. Á Akureyri var meðalhiti vetrarins -0,4 sem er einnig 1,3 °C hærra en meðaltal árána 1961–1990. Þar voru alhvítir dagar 84 sem er sex fleiri en meðaltalið fyrir árin 1971–2000. Því má segja að veður hafi verið garðfuglum hagstætt veturinn 2018–19. Síðari veturinn var hins vegar illviðrasamur og hærri meðalvindhraði en venjulega. Í Reykjavík var meðalhiti vetrar 0,4°C (desember–mars), sem er 0,3 °C ofan við meðaltal árána 1961–1990. Alhvítir dagar voru 62 sem er 11 dögum fleiri en meðaltalið fyrir 1971–2000. Á Akureyri var meðalhiti vetrarins -0,7°C sem er 1°C ofan meðaltals árána 1961–1990. Alhvítir dagar á Akureyri voru 109, sem er 32 meira en meðaltalið fyrir árin 1971–2000, og vetrarúrkoma (409,5 mm) hefur



Auðnutittlingur í garði á Selfossi í lok október 2018. Mynd: Örn Óskarsson


einungis einu sinni mælst meiri, veturinn 1989–90, samkvæmt upplýsingum af vef Veðurstofu Íslands. Það má því gera ráð fyrir að veturinn 2019–20 hafi verið óhagstæður garðfuglum og þeir hafi þá reitt sig meira á fóður en þann fyrri.

Fyrri veturinn sáust að meðaltali 12,3 fuglategundir í gördum athuganda og 14,4 þann seinni, sem er það mesta sem skráð hefur verið frá upphafi Garðfuglakönnunar veturinn 1994–95. Að þessu sinni voru flestar tegundir skráðar í samliggjandi gördum á Stokkseyri, 26 fyrri veturinn en 25 þann seinni. Þeir sem leggjast þarna sameiginlega á árar eru Jóhann Óli Hilmarsson, Hlynur Óskarsson og Alex Máni Guðrídarsón. Fæstar fuglategundir voru sex veturinn

2018–19 hjá einum athuganda, en fimm síðara tímabilið, einnig hjá einum þátttakanda.

Auðnutittlingum fækkar

Skógarþrestir hafa frá upphafi könnunarinnar alltaf sést hjá öllum athugendum og voru þessi tvö athugunartímabil engin undantekning. Aðrir fuglar ná sjaldnast þessu marki. Nú brá reyndar svo við að hrafnar voru í fyrsta skiptið skráðir hjá öllum athugendum síðari veturinn. Þegar Garðfuglakönnun hóf göngu sína þá voru þeir einungis skráðir hjá um helmingi athugenda. Ásókn hrafna í fóður í gördum hefur því klárlega aukist. Svartþrestir náðu því ekki að sjást hjá öllum athugendum, eins og gerðist í fyrsta skipti veturinn 2017–18,



1. mynd. Auðnutittlingar í fáeinum gördum veturinn 2018–19. Garður á Selfossi hjá Erni Óskarssyni (ÖÓ), á Akureyri hjá Sverri Thorstensen (ST) og á Húsavík hjá Gauki Hjartarsyni (GH). Sverrir taldi ekki í athugunaráviknu nr. 5. Garðfuglakönnun byrjar síðasta sunnudag í október.

Tíðni algengustu fuglategunda í Garðfugla-könnun veturna 2018–19 og 2019–20.

Í töflunni eru þær tegundir sem sáust í a.m.k. fjórum gördum annan veturinn. Þátttakendur voru 18 fyrri veturinn og 16 þann seinni.

Tegund	2018–19		2019–20	
	Garðar	%	Garðar	%
Auðnutittlingur	17	95	14	88
Bjarg-/húsdúfa	4	22	5	31
Glóbrystingur	4	22	3	19
Glókollur	6	33	6	38
Grápröstur	9	50	10	63
Hettumáfur	7	39	7	44
Hettusöngvari	6	33	7	44
Hrafn	16	89	16	100
Hrossagaukur	5	28	5	31
Krossnefur	2	11	4	25
Mariuerla	5	28	4	25
Músarrindill	10	56	10	63
Rjúpa	3	17	5	31
Silfurmáfur	3	17	4	25
Silkítoppa	3	17	10	63
Silamáfur	2	11	6	38
Skógarpröstur	18	100	16	100
Smyrill	10	56	13	81
Snjótittlingur	15	83	15	94
Stari	16	89	13	81
Svarbakur	4	22	4	25
Svarþröstur	16	89	15	94
Þúfuttlingur	4	22	6	38

en þeir voru nærri því bæði athugunar-tímabilin. Snjótittlingar voru tíðir gestir í gördum seinna tímabilið, enda veður válynd þann vetur. Þeir sækja meira í garða þegar land er snævi hulið eins og þátttakendur í Garðfuglakönnun hafa vafalaust tekið eftir. Auðnutittlingar




Bjargdúfa á Austurlandi í apríl 2020. Tegundin er að breiðast út til vesturs. Mynd: Daniel Bergmann

voru skráðir hjá færri athugendum þá vetur sem hér er fjallað um eftir að hafa verið skráðir hjá öllum athugendum veturna 2016–17 og 2017–18. Vangaveitur eru um hvort það hafi mögulega komið upp sýking í auðnutittlingsstofninum. Pistlahöfundur fann hræ af tveimur auðnutittlingum í garði sínum vorið 2019, eitthvað sem hann hefur aldrei fundið áður allt frá því að garðurinn kom til árið 2005. Þennan vetur voru auðnutittlingar fáir í garði höfundar í Reykjavík og síðan sáust þeir nær ekkert eftir janúar 2019. Þegar skoðaðar eru niðurstöður talninga úr tveimur gördum á Norðurlandi og einum á Suðurlandi er ekki að sjá að

hrun hafi orðið hjá auðnutittlingum á þeim stöðum. Sveiflur voru sökum annarra ástæðna en hugsanlegri sýkingu og veðurfar hefur að öllum líkindum haft þar mest að segja. Uppsveiflan í garðinum á Akureyri í athugunarvikum 8–10, síðari hluta desember 2019, var mest áberandi en svo margir auðnutittlingar sáust ekki í þeim garði, hvorki fyrr né síðar, þessa tvo vetur (1. og 2. mynd). Á því tímabili gengu yfir landið mikil norðanveður og fannfergi var drjúgt á Norðurlandi (uppl. af vef Veðurstofu Íslands). Auðnutittlingarnir á þeim slóðum hafa þá vafalaust leitað í garða í miklum mæli.

Starar voru á svipuðu róli þessa tvo vetur og þá undanfögnu, en þeir hafa verið að sjást hjá um 80% athugenda. Nú, líkt og áður, sáust þeir sjaldan hjá athugendum sem búa á Austurlandi. Landnám stara gengur hægt í þeim landshluta og eru það helst flækingsstarar sem sjást þar.

Músarrindlar voru skráðir hjá yfir helmingi athugenda báða veturna og einnig smyrlar. Óvenju margir sáu smyrlla síðari veturinn. Sá smái og knái ránfugl hefur aðeins einu sinni áður sést í svipuðum mæli, en það var veturinn 1999–2000. Það má eflaust einnig tengja veðrinu og þeim fuglafjölda sem sótti í garða á meðan voru jarðbönn. Smyrlar eltast þá gjarnan við snjótittlinga og aðra spörfugla sem koma í fóður.



2. mynd. Auðnutittlingar í sömu gördum og á 1. mynd veturinn 2019–20. Garður á Selfossi hjá Erni Óskarssyni (ÖÓ), á Akureyri hjá Sverri Thorstensen (ST) og á Húsavík hjá Gauki Hjartarsyni (GH). Garðfuglakönnun byrjar síðasta sunnudag í október og stendur út apríl.

Máfum og dúfum fjölgar

Niðurstöður könnunarinnar hafa sýnt fram á að máfar sækja meira í fóður en áður og nú var hettumáfur sá þeirra sem sást í flestum görðum, eins og reyndar oft áður. Svartbakur var skráður hjá fjórum athugendum, silfurmáfur og sílamáfur voru ekki eins víða og aðrir máfar voru sjaldséðari. Dúfur komust á lista yfir algengari tegundir í fyrsta skipti í mörg ár. Athugendur voru ýmist að sjá húsdúfur eða bjargdúfur. Þær síðarnefndu virðast seinni árin vera orðnar algengari í görðum athugenda á Suðurlandi, sáust bæði á Hvolsvelli og Selfossi, en það gæti fylgt aukinni útbreiðslu bjargdúfna til vesturs frá aðalútbreiðslusvæðinu á austurhluta landsins. Rjúpur sáust hjá 31% athugenda síðari veturinn og hafa ekki sést hjá jafn mörgum síðan um aldamótin. Gráþrestir og glókkollar voru með algengara móti þessa vetur og það sama má segja um hettusöngvara.

Krossnefir og silkitoppur slógu met veturinn 2019–20. Báðar þær tegundir hafa ekki sést jafn víða áður, en álíka margir athugendur skráðu þó hjá sér silkitoppur veturinn 2010–11. Fjöldi þeirra sveiflast mikið á milli ára sem tengist ferðalögum (rásfari) frá reglulegum vetrarheimkynnum þegar þar ríkir fæðuskortur. Frá árinu 2008 virðist það gerast oftar en á fyrstu tveimur áratugum könnunarinnar (3. mynd).

Farfuglarnir birtast eins og venjulega í einhverjum mæli í görðunum að vorlagi, sérstaklega skógarþrestir sem koma í lok mars og byrjun apríl. Einnig heimsækja maríuerlur, þúfutittlingar, hrossagaukar, tjaldar, stelkar og heiðlóur garða athuganda á vorin og boða betri tíð með blóm í haga.

Glóbrýstingar algengari nú en áður


Barrfinkur, sem teljast óreglulegir varpfuglar á Íslandi, voru tiltölulega sjaldséðar hjá athugendum en þær dúkkuðu helst upp á Selfossi og Tumastöðum. Fjallafinkur heimsóttu einnig fáeina athugunarstaði. Nokkrir aðrir flækingsfuglar sáust þessi tvö athugunartímabil. Glóbrýstingar voru skráðir á nokkrum stöðum báða veturna og hafa þeir sést oftar hin síðari ár. Fyrri veturinn var hringdúfa á Selfossi og kjarnbítur á Tumastöðum. Seinna tímabilið var söngbröstur á Fáskrúðsfirði og gransöngvari í Kelduhverfi. Fjórar nýjar tegundir voru skráðar í



Hettusöngvarar á fóðurstað á Selfossi. Karlfugl að ofan og kvenfugl að neðan. Hettusöngvari er algengur haustflækingsur á Íslandi og ef hann kemst í fóður getur hann lifað af veturinn þótt megin vetrarstöðvar hans séu í Suður-Evrópu og hann því vanur hlýrra loftslagi. Myndir: Örn Óskarsson



Gráþrestur á fóðurstað í Stykkishólmi. Gráþrestir koma til Íslands á haustin og fjöldi þeirra sveiflast á milli ára en virðist hafa aukist undanfarin ár. Þar sem gráþrestur tekur ástfóstri við fóðurstað verður hann ansi heimaríkur og eyðir miklum tíma og orku í að reka aðra fugla frá. Mynd: Daniel Bergmann



Bakkasvala að grípa flugur í garði á Selfossi. Fremur sjaldgæfur flækingsfugl á Íslandi og ný tegund í Garðfuglakönnun. Mynd: Örn Óskarsson

Garðfuglakönnun veturinn 2018–19, sem verður að teljast harla óvenjulegt þar sem undanfarin ár hefur oftast sést ein ný tegund að vetri og meðaltalið frá upphafi er 2,1 tegund. Fyrra athugunartímabilið var bakkasvala skráð hjá Erni Óskarssyni á Selfossi, síðla apríl 2018, og hann sá líka dvergkráku nær allan þann vetur. Bakkasvala er frekar sjaldgæfur flækingsfugl og ekki árviss á Íslandi. Þorsteinn Jónsson á Hvolsvelli sá hnoðrasöngvara í 1. athugunarviku. Fjórða tegundin sem var ný þennan vetur var vepja, sem sást hjá Jóhanni Óla Hilmarssyni á Stokkseyri í desember 2018, en hún stoppaði stutt við þar sem hrafnar gerðu aðsúg að henni skömmu eftir að hún lenti í garðinum. Örn Óskarsson sá svo víxlnef á Selfossi í fyrstu athugunarvikunni vetrarins 2019–20, sem er einnig ný tegund í Garðfuglakönnun, og dvaldi víxlnefurinn í garði Arnar fram í miðjan desember. Nú hafa hvorki meira né minna en 91 fuglategund sést í gördum athugenda, þar af eru 17 tegundir sem sést hafa öll 26 árin.

Takið þátt í Garðfuglakönnun!


Þátttaka var á svipuðu róli og undanfarna vetur; fyrri veturinn voru 18 sem tóku þátt en 16 þann seinni. Þátttakendur voru sem áður misdreifðir um landið og eyða var á Vestfjörðum eins og er einnig raunin í Garðfuglahelgi Fuglaverndar, annarri og styttri könnun sem haldin er í lok janúar hvert ár. Það gengur erfiðlega að ná þátttakendum yfir 20 sem hefur verið markmið aðstandenda könnunarinnar.



Víxlnefur gæðir sér á sólblómafræjum á Selfossi í nóvember 2019. Með honum eru frændur hans af krossnefsætt, rauður karlfugl t.v. og kvenfugl t.h. Ganga af víxlnefjum kom til Íslands í byrjun sumars 2019 og er tegundin auðþekkt frá krossnef á tveimur breiðum hvítum vængbeltum. Mynd: Örn Óskarsson

Félagar í Fuglavernd eru hvattir til að taka þátt í þessari skemmtilegu könnun og þeir sem eru nú þegar reglulegir þátttakendur mega endilega hvetja aðra til dáða. Að fylgjast með garðfuglum er skemmtilegt áhugamál og Garðfuglakönnun gefur fuglaskoðun viðbótarvið. Hún er líka afar einföld í framkvæmd og ætti ekki að vefjast fyrir neinum. Nánari upplýsingar er að finna á vef Fuglaverndar.

Kærar þakkir til þeirra sem tóku þátt í Garðfuglakönnun þessa tvo vetur. Þátttakendur eru hvattir til þess að senda inn niðurstöður vetrarins 2020–21 sem fyrst og einnig er rétt að minna enn og aftur á að ef einhver er með eldri niðurstöður í fórum sínum þá er um að gera að senda þær á netfangið gardfugl@gmail.com eða í pósti merkt: Garðfuglakönnun, Fuglavernd, Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.



3. mynd. Hlutfall athugenda sem hafa skráð hjá sér silkitoppu í Garðfuglakönnun frá 1994–2020.